



Fundargerð

234. fundur Umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12,
6. september 2019, kl. 08:15

Viðstaddir:

Eysteinn Eyjólfsson, Hannes Friðriksson, Jón Már Sverrisson, Ríkhartur Ibsen, Róbert Jóhann Guðmundsson.

Starfsmenn:

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri, Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi, Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi, Sigmundur Eypórsson, tæknifulltrúi, Dóra Steinunn Jóhannsdóttir ritari.

* * *

1. Greenkraft - Kynning og ósk um heimild til að vinna deiliskipulag (2019051682)

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir deiliskipulagsvinnu í samráði við skipulagsfulltrúa.

2. Samráðs- og afgreiðslufundur byggingarfulltrúa nr. 271 (2019050554)

Lögð fram til kynningar fundargerð 271. fundar, dagsett 22. ágúst 2019 með fullnaðarafgreiðslum erinda. Fundargerðin er í sex liðum og má finna á vef Reykjanesbæjar.

3. Fjárhagsáætlun 2020 - Tillaga (2019090056)

Sviðsstjóri lagði fram til kynningar.

4. Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar (2019070222)

Skipulagsfulltrúi leggur fram tillögu að umsögn.

Samþykkt.



5. Svæðisskipulag Suðurnesja - Ósk um umsögn (2019070283)

Skipulagsfulltrúi leggur fram tillögu að umsögn.

Samþykkt.

6. Hafnargata - Suðurgata - Skólavegur - Vatnsnesvegur - Deiliskipulag (2019060301)

Reykjanesbær lætur vinna deiliskipulagstillögu fyrir svæði sem afmarkast af Hafnargötu, Suðurgötu, Skólavegi og Vatnsnesvegi. Tillagan var kynnt hagsmunaaðilum á vinnslustigi. Húseigendur sem eiga fasteignir á svæðinu sem skipulagið nær yfir voru upplýstir um að farið verði í deiliskipulagsvinnu og óskað væri samráðs með bréfi dags. 21. júní 2018. Haldinn var fundur með hagsmunaaðilum dags 31. október 2018. Tillagan var auglýst tímabilið 4. júlí til 22. ágúst 2019 og haldinn var opinn íbúafundur þann 20. ágúst. Ein skrifleg athugasemd barst á auglýsingatíma um einkabílastæði. Svar við því er að samningur um einkabílastæði er óbreyttur.

Samþykkt að senda deiliskipulagstillöguna til Skipulagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu.

7. Leirdalur 22-28 - Deiliskipulagsbreyting (2019090061)

KRark fyrir hönd lóðarhafa óska heimildar til að breyta samþykktu deiliskipulagi fyrir lóðirnar Leirdalur 22-24 og 26-28. Í stað 4 tveggja hæða raðhúsa á lóð komi 5 einnar hæðar raðhús. Byggingareitir verði stækkaðir úr 30x10m í 35x12m. Nýtingahlutfall á lóð verði 0,33 á lóðinni Leirdalur 26-28.

Erindi frestað.

8. Faxabraut 51 - Bílskúr (2019080410)

Sigurlaug H. Jóhannsdóttir óskar eftir að byggja bílskúr á lóð sinni í samræmi við uppdrætti Glóru ehf. dags. 22. júlí 2019.

Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda.

9. Nesvegur 50 - Umsókn um byggingarleyfi (2019080392)

Stofnfiskur hf. óskar heimildar til að byggja 524m² sláturhús á lóð sinni í samræmi við uppdrætti Tækniþjónustu SÁ, dags. 15. ágúst 2019.

Stærð og starfsemi er í samræmi við skilmála aðalskipulags fyrir reit AT13 og önnur starfsemi en Stofnfisks er ekki á þessum reit. Umhverfis- og skipulagsráð telur að umsóknin varði ekki hagsmuni annarra en sveitafélagsins og umsækjanda og samþykkir því breytinguna skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 3.



10. Nesvegur 50 - Ósk um heimild til að vinna deiliskipulag (2019090059)

Stofnfiskur hf. óskar heimildar til að vinna deiliskipulag fyrir lóðina Nesvegur 50 í samræmi við skilmála aðalskipulags fyrir reit AT13.

Samþykkt heimild til að vinna tillögu að deiliskipulagi í samvinnu við skipulagsfulltrúa.

11. Baugholtsróló - Útikennslusvæði (2019090060)

Holtaskóli óskar eftir að fá úthlutað svæði við Baugholtsróló til að útbúa útikennslusvæði í bréfi dags. 28. ágúst 2019.

Samþykkt. Nánari útfærsla í samstarfi við starfsfólk umhverfissviðs.

12. Vallarbraut 12 - Breyting á deiliskipulagi (2019080268)

Riss ehf. fyrir hönd lóðarhafa óskar eftir breytingu á deiliskipulagi í samræmi við uppdrátt dags. 12.08.2019. Breytingin felst í að snúa byggingu á reit og aðkoma verði norðan megin. Hæðir verði fjórar í stað þriggja og að fjölga íbúðum úr 9 í 15.

Frestað.

13. Iðavellir 14B - Fyrirspurn um skilti (2019090063)

Bjarni Sigurðsson óskar leyfis til að koma fyrir auglýsingaskilti á þaki Iðavalla 14b. Samkvæmt fyrirspurn móttækin dags. 29. ágúst 2019. Skiltið verði tæplega 5m² LED skilti.

Frestað.

14. Skiltareglugerð Reykjanesbæjar (2019090067)

Drög að skiltareglugerð lögð fram.

15. Erindisbréf til umhverfis- og skipulagsráðs (2019090077)

Lagt fram.

16. Hamradalur 3 - Lóðarumsókn (2019080374)

Tyrfingur Á. Þorsteinsson sækir um lóðina Hamradalur 3.

Lóðarúthlutun samþykkt.



17. Fuglavík 16 - Lóðarumsókn (2019080642)

Camper Iceland ehf. sækir um lóðina Fuglavík 16

Lóðarúthlutun samþykkt.

18. Dalsbraut 30 – Niðurstaða grenndarkynninga (2019070007)

Bjarki Sveinsson f.h. Miðbæjareignir ehf. sækir um að reisa skjólgirðingu á lóðamörkum við göngustíg Dalsbrautar 30. Grenndarkynningu er lokið. Ein andmæli bárust er varða hæð og lengd girðingar.

Frestað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:25

[Handwritten signature]
Jón Már Sveinsson
Lóðarumráðgjafi
[Handwritten signature]
Vápnun 10.10.2019